Ár 2001, hinn 23. mars, var haldinn aðalfundur
Oddafélagsins í Sögusetrinu á Hvolsvelli.
9 manns voru komnir til fundar í upphafi
hans. Þessi dagskrá lá f. fundi:

a. Helstu framkvæmdir á árinu og starfsáætlun
næsta árs.
(i) Greinargerð formanns (útdr. í fylgiskj.)
(ii) Oddastefna 2001, fyrirhuguð á Lauga-
landi 19. maí 2001.
b. Reikningar.
c. Umræður um a. og b.
d. Kosning stjórnar
e. Kosning endurskoðenda
f. Árgjald ákveðið
g. Tillaga um endurskoðun laga fyrir
næsta aðalfund
h. Önnur mál.

a. Formaður, Þór Jakobsson, setti fund kl.
14:15, bauð gesti velkomna, þakkaði Arthúri
Björgvini Bollasyni forstm. Sögusetursins fyrir
aðstöðuna og bar kveðju 2ja fjar-
staddra stjórnarmanna; Elínar Vilhelmsdótt.
og Drífu Hjartardóttur. Vísast að öðru
leyti til skriflegrar greinargerðar formanns.
b. Í fjarveru gjaldkera, Elínar Vilhelmsdótt.,
stiklaði Freysteinn Sigurðsson á stóru
yfir reikninga félagsins, en skoðunar-
menn þeirra eiga þá saman enn
óséða.
c. Skýrsla formanns og reikningar voru sam-

þykktir samhljóða.
d.-e. Kosning stjórnar (og endurskoðenda).
Stjórnin endurkjörin: Þór Jakobsson, Sigurður Jónsson, Elsa Vilmundardóttir, Freysteinn Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir.
e. Endurskoðendur Jakobína Erlendsdóttir og Pálmi Þjóðólfsson. Allt þetta fólk kjörið til eins árs.
f. Árgjald ákveðið kr. 1.000.-
g. Tillaga um endurskoðun laga fyrir næsta aðalfund. Formaður leggur til að aðalfundartíma verði seinkað til hausts, og fulltrúaráð lagt niður. Þetta tvennt hangir saman að því leyti að tvær meiriháttar samkomur á árinu er dreift, í stað þess að báðir Oddastefna og aðalfundur sé haldið að vori til.
Umræður. Freysteinn Sigurðsson varpaði fram hugmynd um að fjölgað yrði í stjórn um tvo. Samþykkt var að halda framhalds-aðalfund í október nk. þar sem lagabreytingar komi til framkvæmda. Freysteinn Sigurðsson bar upp dagskrártillögu um að hluti h. liðar, Önnur mál, verði tekin fram yfir g. lið á dagskránni.
h. Önnur mál.
i) Formaður ræddi um fortíð og framtíð félagsins. Gat um nauðsyn og mikilvægi þess

að kynna félagið og starfsemi þess á Netinu. Ræddi einnig um hlutverk þess og stofnanir, og hvort Oddafélagið ætti að skipta um nafn, er vísaði til framtíðar. Formaður vék að Heimskringlu*) og nauðsyn rannsókna á henni. Náttúruvernd er einnig mikilvægur þáttur sem félagið þarf og á að láta sig varða. Háskóli á Suðurlandi er vissulega framtíðarsýn félagsins.

Magnús Finnbogason benti á að ástæða væri til að halda ritverkum og hugmyndum Einars Pálssonar á lofti.

Freysteinn Sigurðsson gat um störf félagsins og stofnun sem hefur fest sig í sessi – Oddastofnun –. Minntist líka á festuþáttinn í starfi félagsins, og aðhlynningu Oddastaðar. Þar væri brýnt að hyggja að jarð-, náttúrufars- og örnefnaskráningu á Oddastað ásamt fleiru. „Þjóðháskólinn" í Odda er framtíðarsýn sem fá mætti þjóðina alla til fylgis við. Skógar og Gunnarsholt merkar stofnanir sem stutt hafa við líf og viðurværi fólksins í landinu, en efla þurfi þátt andans. Þar kemur Oddi til skjalanna, sem þriðja horn þríhyrningsins – Þríhyrningur (fjallið) er táknmynd félagsins. Þjóðháskóli nær utan um allar hugmyndir.

Magnús Finnbogason tók undir hugmyndir þessar. Steinþór Runólfsson tók

*) og Ynglingasögu

í sama streng, ræddi um mikilvægi þess að menn stilltu saman strengi, þ.e. þeir sem á annað borð fjalla um söguleg efni.
Friðjón Guðröðarson taldi kominn tíma til að félagið fengi sér merki, sem vísa þyrfti til sögu Oddastaðar. Minntist einnig á mikilvæg tengsl við Gunnarsholt á sviði vísinda og fræða.
Sigurður Jónsson minntist á möguleika þess að koma upp stjörnukíki fyrir almenning í Odda.
Freysteinn Sigurðsson taldi umhverfiseftirlitsstöð, sem ekki er til á Íslandi, væri vel og hvergi betur staðsett en í Odda. Taldi nauðsynlegt að róa í fag- og fjárhagsyfirvöldum um framgang málsins. Varpaði fram spurn um framtíðaráform Oddafélagsins og hvernig verkefni þess yrðu þróuð.
Ragnar Böðvarsson taldi eðlilegt að stjórn ynni hugmyndir þessar áfram í hendur félagsmanna. Hann vakti einnig athygli á því, að skráningu ferðaleiða fjölles um Rangárþing fyrr á tímum, væri mjög ábótavant. Þarna væri gott verkefni fyrir Oddafélagið, og í samstarfi við Goðastein.
Sigurður Jónsson minntist á mögulega þátttöku Oddafélagsins í Kirkjudögum í Reykjavík í júní nk.
Öndvegismaður greindi hann frá því

að félaginu byðist að taka þátt í þing-
haldi (málþingi) í Reykholti í sept. 2001.
Rætt um að Sigurður tali sjálfur á Kirkju-
dögum en leitað verði til Jónasar Kristj.-
sonar með Reykholtserindi.
Freysteinn sagði frá nauðsyn þess að
uppfæra bækling m. fræðslu um Odda-
stað.
Formaður kvaddi félaga til endurfunda
í Oddastofu að Laugalandi 17. maí
nk. Jafnframt bar hann fram
þakklæti félagsins fyrir veitingar á
fundinum, sem voru í boði Héraðs-
nefndar Rangæinga.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 16:20.

Sigurður Jónsson
ritari